

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. nóvember 2006

Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um frumvarp til laga um breyting á lagaákvæðum um lífeyrissjóði, 233. mál.

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur óskað eftir umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða varðandi frumvarp til laga um breyting á lagaákvæðum sem varða lífeyrissjóði, lágmarksiðgjald og breytingar á samþykktum sjóða, 233. mál.

Landssamtök lífeyrissjóða eru sammála því ákvæði frumvarpsins að hækka lágmarksiðgjald til lífeyrissjóða úr 10% í 12% frá og með 1. janúar 2007. Landssamtökin telja einnig eðlilegt að lögfasta bráðabirgðaákvæði í frumvarpinu þess efnis, að meðan nógildandi kjarasamningar eru enn í gildi, sé heimilt að miða lágmarksiðgjaldið við 10%, enda sé kveðið á um slíkt á viðkomandi kjarasamningi.

Heimildarákvæðin í 2. og 3. grein vekja hins vegar upp spurningar. Sjálfsagt er að opna þessi ákvæði gagnvart Lífeyrissjóði bankamanna, sem nýtur ekki lengur bakábyrgðar bankanna. Heimildarákvæðin hafa hins vegar viðtækari áhrif, sem væntanlega er ekki ætlun löggjafans. Lífeyrissjóðir á vegum sveitarfélaga falla t.d. undir 51. og 54. gr. laga nr. 129/1997 og er þeim heimilt að starfa áfram á óbreyttum iðgjalda- og réttindagrundvelli. Samkvæmt 2. og 3. grein frumvarpsins verður hins vegar heimilt að gera breytingar á samþykktum þessara sjóða í samræmi við ákvæði 2. mgr. 39. gr. 1. nr. 129/1997, sem væntanlega er ekki ætlunin.

Virðingarfyllst,

LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

